

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Kötlumót
- Jólahlaðborð

Næsti Pési kemur

út 15. nóv

Skil á efni er

9. nóv

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Atvinnulífs fundir	4
Kötlumót	10
Félag eldri borgara	13
Myndasýning	14

Okt 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 242. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Frá undirritun sameiginlegrar yfirlýsingar Umhverfissráðuneytis og Hrunamannahrepps um Heilsuþorp á Flúðum, en undirritunin fór fram í Minjasafninu í Gröf.

Ljós m: SigSigm



Svipmyndir frá Uppskeruhátíðinni 19.
sept sl. Ljósmynd: Ásborg



Sveitarstjórapistill

Nú er október genginn í garð. Þá má segja að litadýrð blasi bæði við mönnum og skepnum. Fólk hefur mismunandi skoðanir á því hvaða árstíð sé nú skemmtilegust en þó má fullyrða að haustið sé sá tími sem flestir litir litrófsins fáir að njóta sín. Það sama má segja um mannlífið. Það má með sanni segja að haustmánuðir hér í Hreppnum hafi sýnt að mannlífið sé „skrautlegt“ og margt sem lifgi upp á tilveruna jafnvel þó ýmsar ytri aðstæður efnahagslega séu víst líka nokkuð „skrautlegar“ og erfitt hjá mörgum. Hvað einstaka atburði varðar þá verður að segja að uppskeruhátíðin tókst að mínu mati afar vel. Þetta var nú í fyrsta skipti sem ég upplifi þennan viðburð en ég varð ekki fyrir vonbrigðum. Bæði var að hægt var að skoða fjölbreytilega starfssemi sem fram fer hér í Hreppnum og einnig spillti ekki fyrir að samningurinn við veðurguðina (ekki Ingó) stóðst fullkomlega. Helsta vandamálið virðist vera að á köflum var heldur þröngt á þingi á markaðnum í Félagsheimilinu. Það ber að þakka því fólk sérstaklega sem stóð að þessum viðburði og þeim einstaklingum sem voru tilbúnir að opna hús sín fyrir góðum gestum. Tel ég einsýnt að framhald verði á þessum jákvæða viðburði sem muni síðan þróast áfram. Nú er líka tíminn þar sem fjölbreytt félagsstarf fer að hefjast. Það er ekki síður litskrúðugt. Íþróttæfingarnar eru hafnar, bæði fyrir unga og heldur eldri og það er verulega gaman að sjá hvað vel er staðið að íþróttastarfi fyrir krakkana og miðað við hausafjölda ótrúlega margt í boði. Þá er Félagsmiðstöðin Zero komin á fullt og vil ég hvetja alla krakka til að nýta sér þá þjónustu. Þar speglast líka uppsveitasamstarfið því Skeiða og Gnúpverjar taka þátt í þessu góða starfi og er samvinnan til mikillar fyrirmyndar. Það er síðan stefnt að því að gera þetta samstarf enn formlegra og meira. Þá verður einnig að minnast á Karlakór Hreppamanna. Ég hef ekki látið undan þrýstingi að ganga í kórinn og nota til þess náttúrulega aumar afsakanir. Það er hins vegar gaman að fylgjast með þessu menningarfyribæri og þarna sannast líka hvernig Uppsveitir geta sameinast um verkefni því víða er leitað fanga að góðum röddum og félögum. Ég vil fullyrða að Kötlumótið þann 16. október nk. á Flúðum þar sem 700 karlar með ofvirkar raddir koma saman og þenja sig er menningarlegur stórviðburður. Forseti Íslands mun meira að segja mæta til að klappa fyrir kórnum þannig að það er gaman að sjá að fólk er að fylgjast með því sem er að gerast hjá okkur. Það er hins vegar ótrúleg vinna sem menn leggja á sig til að koma þessum viðburði á fót og eiga þeir þakkir skildar fyrir það og mjög frjó og skemmtileg hugmynd að breyta Límtrésverksmiðjunni að hluta til í tónlistarhús. Það skyldi þó aldrei vera að búið sé að finna tónlistarhús í Uppsveitum sem jafnast á við Hörpuna í Reykjavík og Hof á Akureyri. Trúlega er við hæfi að kalla húsið Límtréshöllina. Síðan eru það öll þessi önnur félög bæði stór og lítil, aðrir kórar og saumaklúbbar sem lifna við á haustin. Þessi ótrúleg gróska og gleði ber því vitni að samfélag verður ekki lifandi nema menn vinni saman og muni að maður er manns gaman en einn er tóm leiðindi.

Jón G. Valgeirsson

Atvinnulífsfundir í Uppsveitum Árnassýslu verða haldnir á eftirtöldum stöðum í október

Aratungu mánudaginn 11. október kl. 14:00 – 16:00

Árnesi þriðjudaginn 12. október kl. 13:00 – 15:00

Hótel Flúðum þriðjudaginn 12. október kl. 16:00 – 18:00

Borg miðvikudaginn 13. október kl. 14:00 – 16:00

Á fundinum kynna eftirtaldir aðilar starfsemi sína
og verkefni sem unnið hefur verið að í Uppsveitunum.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Vaxtasamningur Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands

Matarsmiðja Uppsveitanna

Menningarráð Suðurlands

Markaðsstofa Suðurlands

Ferðamálafulltrúi Uppsveitanna/klasar

Einnig verður gefinn kostur á spurningum og umræðum.

Sveitarstjórnarmenn, atvinnumálanefndir, menningarmálanefndir,
rekstraraðilar, einstaklingar með hugmyndir og að sjálfsögðu allir
áhugasamir íbúar Uppsveita Árnassýslu eru hvattir til að mæta og
fræðast.

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

í samvinnu við sveitarfélögin.

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Flúðaleið ehf

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Karлакóramót á Flúðum

Kötlumót verður haldið laugardaginn 16. október á Flúðum. Mótið er í umsjá Karlakórs Hreppamanna, en Katla er samband Sunnlenskra karlakóra

Á mótinu koma saman á Flúðum 16 íslenskir karlakórar, alls staðar að af landinu ásamt einum kór frá Finnlandi. Þetta verður mikil tónlistarveisla. Hver kór heldur sína tónleika og síðan verður samsöngur allra kóranna. Það ætti enginn að missa af þessum stórviðburði, sem fram fer í Félagsheimilinu og Límtrés-höllinni á Flúðum.

Velkomin í verslun okkar á Flúðum

Verð og úrval sem kemur á óvart

Afhliða byggingavöruverzlun með áherslu á gæðavörur, góða þjónustu og lágt verð fyrir alla.

Opið virka daga kl. 9 - 18 • Laugardaga kl. 10 - 14

Bilavörur

- Smurufur
- Frostlögur
- Hreiniættisvörur
- Perur
- Övaggi og þarrkublið



Þjónavörur

- Lópl, marglr lltr
- Þjónar, ymsar stærðir
- Þeysur, marglr lltr
- Húfur
- Vettlingar



Fyrir hestamanninn • Beisli • Múlar • Skeifur • Burstar • Klóru

Ahöld og tæki

- Ryksugur
- Jarðvegsþjöppur
- Flísa- og steinsagur
- Rafstöðvar
- Gott úrval áhalda f. fagmenn



Málningardeild

- Inni- og útmálning
- Lökk
- Spertl
- Viðarvörn
- Málningaráhöld



Gólfefnadeild

- Flísar
- Náttúrusteinn
- Parket / Plastparket
- Flísa- og parketlim
- Undirlag



Múrdeild

- Utan- og utanhúse
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa og teinalim
- Undirlag



Hreiniættistækideild

- Hreiniættistæki
- Blöndunartæki
- Sturtuklefar
- Innréttingar
- Handlaugar



Festingavörur

- Skráfur og boltar
- Múrboitar
- Byggingarvinklar
- Þansteypa & teinalim
- Undirlag



Heimilisvörur

- Straujárn
- Matvinnsluvélur
- Glæs og bollar
- Handdryksugur
- Hrærivelar



MÚRBÚÐIN

– Afslátt eða gott verð?

Smíðjustíg 6a • 845 Flúðum
Sími 496 1866 • vondull@simnet.is

Húsnæði til leigu!!
Bústaður laus til leigu í vetur.
Uppl. Vigdis s: 861 6652

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Hár-Hrun
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Vinna!!!
Er að leita mér að vinnu í vetur, hálfan daginn u.þ.b
Vigdis s: 861 6652

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

Mánudaga til föstudaga: 16:00-21:00

Laugardaga 12:00-18:00

Sunnudaga: 12:00-18:00

Samkaup **strax**

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.



Kötlumót 2010

DAGSKRÁ:

Kl. 10:30

- Samæfing allra aðildarkóra í Limtréshöllinni -
Stórsveit Suðurlands leikur undir

Kl. 12:00

- Hádegisverðarhlé -
Aðalfundur Kötlu (á Hótel Flúðum)

Kl. 13:30

- Setning í Limtréshöllinni -
Ávarp
Valdimar Bragason, formaður Kötlu, setur mátið.
Ávarp
Adalsteinn Þorgeirsson, formaður Karlakors Hreppmanna

Kötlukórinn

Sjórnaði: Edís Mólur

Hver á sér fagra föðurland,
Emil Thórhildsen / Hulda.

Ávarp

Eyþór Eðvarðsson, formaður norræna söngsambandsins

Ávarp

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson

Kötlukórinn

Sjórnaði: Edís Mólur

Lofsöngur

Sigurður Ágústsson / Matthías Jóhannsson.

Kl. 14:30

- Söngur aðildarkóra Kötlu -
Far fram á tvíum stöðum, í Félagsheimilinu og Limtréshöllinni.
Hver kór hefur 1,5 mín. til umræðu.

KL 17:30

- Samsöngur í Límtréshöllinni -

Gestatriði:

Karlkórinn Manifestum frá Helsinki

Stjórnandi: Markus Westerlund

Kötlukórinn

Stjórnandi: Arni Hraðsson

Pú álfa vorrar yngsta land

Sigfus Einarsson / Hannes Hafstein

Ár vas alda.

Íslenskt fjóðlag / Útsetning Þórarinn Jónsson

Kötlukórinn

Stjórnandi: Friðrik S. Kristinsson

Sefur sól hjá Ægi

Sigfus Einarsson / Sigurður Sigurðsson

Brennið þið, vitar

Páll Isálfsson / Davíð Stefánsson

Kötlukórinn

Stjórnandi: Edit Mólur

Suðurnesjamenn

Sigurður Ágústsson / Ólína Andrésdóttir

Lofsöngur

Ó, guð vors lands

Sveinbjörn Sveinbjörnsson / Matthías Jochumsson

KL 19:30

- Lokahóf í Íþróttahúsi -

Kveðjuskál í boði gestgjafa

Ávarp

Magnús H. Sigurðsson, formaður undirbúningsnefndar Kötlumóts

KL 20:30

- Hátiðarkvöldverður í Límtréshöllinni -

Ávörp

Viðurkenningar

Stjórnarskipti



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Ráfræðingur Lóggiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 12. okt og síðan 9 .nóv um kl. 14:00)

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Opnunartími hreppsskrifstofu
Mánudaga til föstudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00*

Landbúnaðarverslun



Sendum með
mjólkurbílunum

Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltþjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Rafgirðingarefni



Skeifur
og fjaðrir

Sleipiefni og
litaspray
fyrir
sauðburðinn



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is

Jólahlaðbordid Heim



Forréttir:

Fennel Gröfjinn lax
 Reykur lax
 Hrefna Yaktory
 Gröfð Nautasjöt
 Háðarsíla

Adalréttir:

Hangisjöt (kafi)
 Hamborgarfyrggur (kafi)
 Lamsbalæri
 Kalkónabringur
 Purusteik

Eftirréttir:

Jólaþrumbur
 Sorur
 Ávattasalat

Meðlæti:

Kafr:
 Rúgrauð
 Flakakaur
 Smjör
 Uppstuf
 Rauðvínssósa
 Laufrabrauð
 Waldorfsalat
 Salat m. Feta
 Rauðkál
 Grænar faunir
 Maisfaunir
 Grafaxósa
 Hunangssinnepsósa

Verð:

Lágmark 15 manns
 6000 kr/þr Manni
 2500 kr/þr 9-13 ára
 8 ára og yngri frítt



Ég er sjálfstætt starfandi Matreiðslumadur með góð meðmæli og ætla að setja nafn mitt á jólamarkaðinn í ár
 Fyrir nánari upplýsingar hafð samband;
 Tölvupóstur: begga.chief@gmail.com

Sími; 777-3247

Berglind Ósk Loftsdóttir
 Matreiðslumadur

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðinsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími:
533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á

Selfossi hjá Húsasmíðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum
fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán



Félag eldri Hrunamanna.

Fréttir af félagsstarfi.

Nú er félagsstarfið að komast í fullan gang eftir langt sumarfrí.

Við komum saman í kjallaranum að Heimalandi,þriðjudaginn 5.okt,sl.Mæting var
góð að venju.

Við hvetjum fólk til að koma við í kjallaranum á þriðjudögum.

Okkur berast auglýsingar og tilboð,sem vert er að skoða,nú síðast jólahlaðborð og
gisting á Hótel Örk á hreint ótrúlegu verði.

Nýtt og spennandi:

Okkur gefst kostur á smíða-handverks námskeiði hjá Guðmundi Magnússyni.

Konur og ekki síst karlar.Nú gefst okkur tækifæri til að finna hvað í okkur býr á
þessu sviði.Gaman væri að gera fallega smágripi á pallinn sinn eða garðinn,eða hvað
eina sem hugur stefnir til.

Þeir sem hafa áhuga hafið samband.

Kór eldri Hrunamanna mun hefja æfingar fimmtudaginn 14.okt.kl.14.00 Gaman
væri að sjá fjölga í kórnum,þeir sem áhuga hafa á að taka þátt eru hvattir til að mæta.
Að syngja saman er sálubót og félagsskapurinn er góður.

Æft verður í Félagsheimilinu.

Fyrsta opna hús vetrarins verður miðvikudaginn 10 nów.

F.h.Félags eldri Hrunamanna.

Guðbjörg Björgvinsdóttir.



Myndasýning 10. bekkjar í Flúðaskóla – Danmerkurferð 2010

Allir velkomnir!

10. bekkur í Flúðaskóla fór til Danmerkur nú í upphafi skólaárs eins og undanfarin ár. Við heimsóttum Grantofskolen í Ballerup og skoðuðum ýmsa áhugaverða staði í Kaupmannahöfn. Um leið og við þökkum kærlega fyrir allan stuðning og hjálp sem samfélagið hefur veitt okkur, langar okkur til að leyfa öllum að sjá hvað við vorum að gera og vonum að sem flestir sjái sér fært að mæta á myndasýningu hjá okkur sem verður í Félagsheimili Hrunamanna

fimmtudaginn 14. október kl. 20.00.

Allir velkomnir og þá sérstaklega þeir sem hafa styrkt okkur til fararinnar.

Ömmur, afar, systkini, mamma, pabbi, frænkur, frændur og vinir! Látið sjá ykkur.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest kl. 20:00,

fimmtudaginn 14. október í Félagsheimili Hrunamanna.

Kveðja,

10. bekkur í Flúðaskóla.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18
Fimmtudaga Kl. 16-18



Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Fleiri myndir frá undirritun í Minjasafninu í Gröf. Ljós: SigSigm



Svípmýndir frá Uppskeruhátíðinni 19. sept sl. Ljósni: Ásborg